



## 98. aðalfundur hestamannafélagsins Fáks

Haldinn 4. apríl 2018 kl. 20:00 í félagsheimilinu

### 1. Fundur settur

Hjörtur Bergstað formaður Fáks setti fundinn og minntist látinna félaga.

### 2. Kosning starfsmanna

Formaður lagði til að Helga B. Helgadóttir yrði fundarstjóri og Hilda Karen Garðarsdóttir fundarritari. Fundurinn samþykkti tillöguna.

### 3. Formaður fór yfir skýrslu stjórnar og í máli hans kom m.a. eftirfarandi fram:

- a. Jón Finnur Hansson lét af störfum sem framkvæmdastjóri félagsins eftir 10 ára starf og voru honum þökkuð góð störf á því tímabili. Við starfi framkvæmdastjóra tók Þórir Örn Grétarsson.
- b. Nýr veitingaaðili er kominn með rekstur í félagsheimilið, var samið við Friðrik V og hann boðinn velkominn á svæðið með sína starfsemi. Samstarfið fer vel af stað, viðhaldi á félagsheimili hefur verið sinnt í samstarfi við Friðrik. Formaður þakkar þeim kærlega fyrir sem og öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn við breytingarnar.
- c. Fákur og Reykjavíkurborg keyptu Brekknaás 9/gamla dýraspítalann á árinu. Húsið verður afhent 5. maí 2018. Viðræður hafa verið í gangi við nokkra aðila um rekstur í húsinu og munu þær línur skýrast fljótlega.
- d. Á útisvæði Fáks er mikið að gerast. Samstarf við Reykjavíkurborg hefur verið gott um viðhald og endurbætur. Ný kynbótabraut hefur verið byggð, mönin við Hvammsvöllinn kláruð, borið hefur verið í velli og reiðvegi og nýir reiðvegir verið lagðir. Runnið hefur aðeins úr reiðvegum á aftakaveðrum síðustu misseri og Reykjavíkurborg mun koma að þeim viðgerðum.
- e. Reiðleiðin niður Elliðaárdal verður gerð að göngu- og hjólastíg og veru okkar er ekki sérstaklega mikið óskað í dalnum og höfum við mótmælt því harðlega. Höfum gert tillögu að nýrri leið niður dalinn og verið ágætlega tekið í hana hjá borginni.
- f. Reykjavíkurborg hefur óskað eftir því að rifin verði tvö af fjórum hesthúsum í Neðri-Fáki og verður það gert í sumar. Einnig hefur veirð óskað eftir því að starfsemi verði þar áfram.
- g. Æskulýðsmálin eru á góðum stað í Fáki og nóg um að vera. Gott starf er í félagshesthúsinu, Fákur leigir pláss í næsta húsi til að svara eftirspurn. Fleiri og fleiri sækja í þetta fyrirkomulag og eru börn og unglingar að greiða kostnaðarverð fyrir að vera í húsinu. Anna Lauga hefur einnig sinnt frábæru starfi með minnstu börnin á sunnudagsmorgnum síðustu ár, þau taka þátt í mótum og dafna í hestamenskunni.
- h. Eldra fólkið í félaginu hittist reglulega. Birgir Rafn Gunnarsson fór að húa saman eldri félögum og hittist mannskapurinn í súpu á föstudögum. Vel hefur verið mætt og þetta er verðmætur félagsskapur og mikilvæg tengsl sem við megum ekki missa niður.



- i. Almennadalur eða Efri-Fákur. Skipulagsbreytingar eru þar í gangi, það þarf að breyta því að fjögur hús séu á einni lóð því það veldur vandkvæðum þegar einn aðili vill hefja framkvæmdir, þá þurfa allir að taka þátt í föstum kostnaði. Þetta er í vinnslu.
- j. Reiðhöllinni hefur verið viðhaldið talsvert, þar hefur verið skipt um perur, ljós, hljóðkerfi, málað og battar lagaðir. Reykjavíkurborg á reiðhöllina og fengust 28 milljónir til þessa viðhalds á liðnu ári frá borginni.
- k. Kvennadeildin stendur sig vel. Kjarnakonur eru öflugur hópur í félaginu, áberandi og skemmtilegur félagsskapur.
- l. Landsmótið í sumar, LM2018 ehf. Áskell Heiðar Ásgeirsson er framkvæmdastjóri, sá hinn sami og stýrði mótinu á Hólum 2016. Gengur vel að fá styrki, um 4000 miðar nú þegar seldir á mótið og Fákur þarf á sínum félagsmönnum að halda við mótshaldið. Reykjavíkurborg hefur komið vel að mótinu og því ber að þakka.
- m. Vel gengur að innheimta félagsgjöld og gjöld fyrir reiðhallykla og vel hefur einnig gengið að selja auglýsingar. Árið lítur því vel út en það þarf að halda vel á spöðunum áfram.
- n. Formaður hvatti Fáksmenn til að hirða vel um hesthúsin sín svo að hér verði fallegt og hreint í sumar á landsmóti og við getum verið stolt af hverfinu okkar og svæðinu öllu. Hreinsunardagur er framundan, taka þarf til, gróðursetja og fegra umhverfi.

#### 4. Ársreikningur

Marianna Gunnarsdóttir kynnti reikninga félagsins í fjarveru Krístrúnar Ágústsdóttur sem kaus að láta af störfum gjaldkera á árinu.

#### 5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins

- a. **Haraldur Sigursteinsson** bað um orðið:  
Hann spyr um gömlu húsin í Neðri-Fáki, 4 hús. Hvaða rekstur er þarna og hvernig er eignarhaldið á húsi og lóð?  
Formaður svarar: Á árunum 1995-97 voru húsin seld Reykjavíkurborg og eru í þeirra eigu. Í samningum fellur kostnaður við að rífa húsin á Fák. Atlantsólía er með auglýsingasamning þarna og greiðslan fyrir hann er að rífa húsin. Búið er að úthluta 3 lóðum fyrir skrifstofu- og atvinnuhúsnæði. Vatnslagnir og fleira verður til þess að rífa þarf tvö hús. Lóðarréttindi voru leigusamningur við borgina. Það eru hestar í 2 innstu húsunum. Þarna eru hjón um níu, eru mikið á svæðinu og þarna er vel hugsað um húsið og hestana. Þegar þau voru tóm þá var útigangsfólk að safnast þarna saman og þess vegna vildi borgin aftur fá starfsemi í þau.
- b. **Haraldur** spyr aftur:  
Er Landsmótið rekið af Fáki?  
Formaður svarar: Fákur sótti um að halda mótið 2018, ásamt borginni. Stofnað var hlutafélag um reksturinn og sér félag þetta í eigu Fáks, alfarið um reksturinn og fær tekjur/tap af mótinu. Gert til að tryggja hagsmuni félagsins sem best. Aðaltekjur okkar eru uppbyggingin á svæðinu, reiðhöllinni og félagshöllum.



- c. Reikningar félagsins samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

## 6. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar liggja fyrir.

## 7. Kosningar

- a. Til formanns er einn í kjöri sitjandi formaður, Hjörtur Bergstað, og er kjörinn réttmætur formaður til eins árs með lófaklappi.
- b. Gjaldkeri til eins árs. Ein í framboði er Maríanna Gunnarsdóttir en Krístrún Ágústsdóttir lét af störfum á árinu. Maríanna er kjörin með lófaklappi.
- c. Ritari til tveggja ára Heiðrún Sig. Ein í framboði og kjörin með lófaklappi.
- d. Meðstjórnendur í framboði, kjörnir með lófaklappi.
  - i. Sigurbjörn Þórmundsson
  - ii. Leifur Einar Arason
- e. Endurskoðendur
  - i. Í framboði Sigurbjörn Bárðarson og Sæþór Fannberg. Samþykkt með lófataki.

## 8. Tillaga að árgjaldi

Formaður tekur til máls og þakkar traustið sem honum var sýnt og óskar stjórnarmönnum til hamingju með góða kosningu og störf á liðnu ári. Stjórn leggur til hækkingu á árgjaldi úr 13.000 kr. í 14.500 kr. og að ungmennagjald verði hækkað úr 3.500 kr. í 5.000 kr. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 9. Önnur mál

- a. **Birgir Rafn Gunnarsson** bað um orðið:  
Sagnar unga fólksins í Fáki á fundinum. Svona hefur þetta verið, misjafnlega vel sóttir fundir og oft verið verra. Birgir Rafn óskar nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið. Átakaár framundan með Landsmót. Árið 1985 var félagheimilið byggt og FM haldið. En það var mikið basl að eiga við Reykjavíkurborg, því þeir tímdu varla einum bílfarmi af þökum í svæðið. En þetta hafðist og það var upphafið að svæðinu eins og það lítur út í dag. Þetta er þróunin. Hann talaði um að við Fáksmenn mættum ekki láta deigan síga varðandi reiðvegina, þurfum að halda vöku okkar. Það er gaman að vinna fyrir Fák, mörg hér inni hafa unnið áratugum saman og það er virkilega þroskandi að kynnast félögum hér. Eldri félagar hittast reglulega og bjóða alla velkomna. Þetta gefur lífinu gildi. Ítrekar árnaðaróskir til stjórnar, og þakkar sérstaklega formanninum fyrir vel unnin störf.
- b. **Haraldur Sigursteinsson** bað um orðið:  
Hann er hissa þegar hann keyrir inn götuna, af hverju við gáfumst upp á því að fá 30 km hámarks hraða merki á götuna.  
Formaður segir að við höfum ekki gefist upp. Ótrúlegt að þetta fái ekki, hér eru hundruðir barna um allan dal á sumrin. Við viljum hraðatak mörkun, hraðahindranir en greinilega er erfitt að fá þessu breytt.



- c. **Ragnar Ólafsson** bað um orðið og spurði um lóðarleigusamninga í Víðidal og Faxabóli:  
Formaður segir frá því að fundað hefur verið um málið, vilji liggur fyrir hjá borginni að framlengja þá um 25 ár en við viljum framlengja þá um 50 ár. Bréf var sent fyrir páska til borgarinnar þess efnis að það verði gert í samræmi við samninginn sem gerður var vegna Brekknaás sem var framlengdur til 50 ára.
- d. **Viðar Halldórsson** bað um orðið:  
Viðar þakkar stjórn og nefndum fyrir frábært starf. Hann spyr um reiðhallir sem fyrirhugaðar eru í Víðidalnum, annars vegar í A-tröðinni og við félagsheimilið.  
Formaður svarar að tveir aðilar hafi sótt um þegar auglýst var eftir þessum lausu lóðum til byggingu reiðhalla, viðræður hafa verið í gangi við þá en einnig við borgina vegna gatnagerðargjalda þar sem við viljum borga þau eins og íþróttamannvirki gera en ekki sem atvinnuhúsnæði.
- e. **Haraldur Sigursteinsson** spyr út í mönina nýju við Hvammsvöllinn:  
Á að setja stúku ofan á hana á landsmótinu?  
Formaður svarar því til að ekki verið tekin ákvörðun um það. Núna sé það svæði hugsað sem bílastæði fyrir fatlaða og ekki víst að það verði stúka við völlinn.

#### 10. Fundi slitið

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að ganga frá fundargerð með ritara fundarins og voru engin andmæli við því.  
Formaður þakkaði stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf á nýju ári og býður nýjan stjórnarmann Sigurbjörn Þórmundsson velkominn í hópinn. Formaður þakkar fundarstjóra og fundarritara fyrir störfina á fundinum og býður að lokum fundargestum að þiggja kaffi og veitingar.

Hilda Karen Garðarsdóttir, fundarritari

Helga B. Helgadóttir, fundarstjóri